

Yfyrskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	22. júní 2026	Tími:	11:00 – 12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	HR			
Á fundinn mættu:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Áslaug Ásgeirsdóttir (ÁÁ), Hildur Ragnars (HR), Jóna Katrín Hilmarsdóttir (JKH), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH), Sigríður Kristinsdóttir (SK), Örn Hrafnkelsson (ÖH), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 22. júní 2026

1. Fundargerð stjórnarfundar 4. maí 2026

Fundargerð stjórnarfundar 4. maí síðastliðinn var samþykkt.

2. Fundargerð aðalfundar 21. maí 2026

Fundargerð aðalfundar 21. maí 2026 var samþykkt.

3. Verkaskipting stjórnar

Stjórn ákvað að skipta með sér verkum sem hér segir: Ágúst Hjörtur Ingþórsson verður áfram varaformaður stjórnar, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, gjaldkeri og Hildur Ragnars ritari.

Þá var ákveðið að fulltrúar stjórnar á mánaðarlegum samráðsfundum með SKAM verði að jafnaði þau Sigríður, Ágúst, Jóna Katrín, auk Önnu.

4. Mánaðarlegir stjórnarfundir

Ákveðið að mánaðarlegir stjórnarfundir á næsta starfsári verði áfram haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 11:00. Næsti fundur verður því haldinn mánudaginn 7. september næstkomandi kl. 11:00-12:30. AH sendir út fundarboð á fundarröðina fram til vors.

5. Áherslumál 2026-2027

Í umræðum um áherslumálin var höfð hliðsjón af áherslumálum síðasta starfsárs með áherslu á eftirfylgni mála sem hafa verið í vinnslu. Frestað til haustsins.

6. Félagsstarfið

Umræður um félagsstarfið næsta vetur. Frekari umræðu frestað til haustsins.

7. Niðurstöður könnunar á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna

Umræður um næstu skref. Tómas Bjarnason, sviðsstjóri hjá Gallup, mun kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir sérfræðingum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu á fundi í ráðuneytinu í næstu viku. Stefnt er að kynningu á niðurstöðunum fyrir öllum ráðuneytisstjórum þegar nær dregur hausti.

8. Birting gagna og vinnuskjala um grunnmat starfa forstöðumanna

Nýlega birti fjármála- og efnahagsráðuneytið gögn og vinnuskjöl tengd grunnmati starfa forstöðumanna ríkisstofnana á vef Stjórnarráðsins. Um er að ræða vinnugögn sem lágu til grundvallar við launaákvörðanir árið 2019 ásamt síðari uppfærslum. Tilefnið var niðurstaða Hæstaréttar í máli Elfu Ýrar Gylfadóttur, framkvæmdastjóra Fjölmíðlanefndar, gegn íslenska ríkinu en með dóminum var viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða.

Um talsvert magn gagna er að ræða sem ekki hafa áður verið birt. Stjórnarmenn sammála um að óska eftir því við ráðuneytið að gögnin verði kynnt og útskýrð fyrir félagsmönnum eins fljótt og unnt er.

9. Samráðsfundur FFR og SKAM

Ekki liggur fyrir hvenær næsti samráðsfundur veður haldinn en stefnt að því að ná fundi fyrir sumarleyfi í júlí.

10. Önnur mál

Umræður um hversu fáir umsækjendur eru um forstöðumannsstörf um þessar mundir og verður það að teljast áhyggjuefni.